

**Martial Nardeau** og **Guðrún Sigríður Birgisdóttir** hófu að leika saman fyrir tíu árum, þegar þau kynntust í Frakklandi. Þau hafa spilað víða, allt frá göngum neðanjarðarlestanna í París og New York til heimahúsa og tónleikasala í Reykjavík. Martial og Guðrún hafa starfað við tónlistarkennslu og hljóðfæraleik á Íslandi síðan 1982.

Á þessum tónleikum leika þau á þverflautu, altflautu og piccolo.

**Snorri Sigfús Birgisson** lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1974. Frá því að hann lauk framhaldsnámi erlendis hefur hann starfað sem tónlistarmaður hér heima.

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Martial Nardeau  
og  
Guðrún Sigríður Birgisdóttir  
flautuleikarar

Snorri Sigfús Birgisson  
píanóleikari



4. júlí 1989  
kl. 20:30

Franska tónskáldið *François Couperin* var orgel og sembal-leikari. Hann var í þjónustu Lúðvíks XIV. og samdi mikið af trúarlegri tónlist og kammermúsík. Dúettinn sem hér verður fluttur var sá þrettándi í safninu „Les Goûts réunis ou Nouveaux Concerts“. Hann er einn fjölmargra tónsmíða sem Couperin samdi fyrir vikulega sunnudagstónleika við hirð konungs.

*Beethoven* samdi ein fimmtán kammerverk með flautu. Þau eru afar geðþekkar tónsmíðar þótt þau séu sjaldan flutt. Allegro og Menuet fyrir tvær flautur samdi hann árið 1792.

*Franz og Karl Doppler* voru bræður, fæddir í Lemberg í Póllandi. Faðir þeirra var óbóleikari og kenndi þeim þverflautuleik. Þeir bræður sömdu báðir ýmis konar tónlist og voru líka rómaðir fyrir samstillta tækni sína sem hljóðfæraleikarar, en auk þess fékkst Franz við hljómsveitarstjórn. Verkið „Minningar frá Prag“ byggir á sígaunastefjum sem þeir útfæra með gáska og glæsibrag.

Bandaríska tónskáldið *John Cage* lærði m. a. hjá Arnold Schönberg. Hann var í hópi þeirra manna sem hvað mest áhrif höfðu á þróun tónlistarinnar í kringum 1950. Cage er þekktur fyrir alls kyns tilraunir og kúnstir í músík sinni, en „Three Pieces for Flute Duet“ er með fyrstu verkum hans. Þessi yfirlætislaus tónsmíð er samin árið 1935.

*Goffredo Petrassi* sem er ítalskur hóf tónlistarnám 21 árs gamall við Tónlistarskóla heilagrar Sesselju í Róm. Hann naut vináttu Casella, en einnig höfðu verk Hindemiths og Stravinskys frá þriðja áratugnum áhrif á verk hans. Petrassi er þekktastur fyrir kórverk sín, en hann hefur einnig samið hljómsveitar- og kammerverk.

Sænska tónskáldið *Arne Mellnäs* stundaði tónfræði- og tónsmíðanám við Tónlistarháskólann í Stokkhólmi, og síðar m.a. hjá Boris Blacher og György Ligeti. Tónskáldið býður upp á ýmsa möguleika við flutning þessa verks og heyrum við einn þeirra; flautuleikararnir spila með segulbandi sem þeir hafa áður leikið inn á.

## Efnisskrá

François Couperin (1668 - 1733)	Konsert fyrir tvö hljóðfæri - Prélude - Air - Sarabande - Chaconne légère
Ludwig van Beethoven (1770 - 1827)	Allegro og Menuet
Franz Doppler (1821 - 1883) og Karl Doppler (1826 - 1900)	Minningar frá Prag op. 24 fyrir tvær flautur og píanó
John Cage (f. 1912)	Three Pieces for Flute Duet - Allegro giocoso - Andante Cantabile - Grave Adagio
Goffredo Petrassi (f. 1904)	Dialogo Angelico
Arne Mellnäs (f. 1933)	Fragments for Family Flute